Diplómanám á meistarastigi í hjúkrunarstjórnun með áherslu á forystu og frumkvöðlastarf (32 e)

Námsleiðin hófst á haustmisseri 2017. Hægt er að koma inn í námið vorið 2019.
Umsóknarfrestur til 15. október 2018.

Námið er 32 einingar á meistarastigi og dreifist á þrjú til fjögur misseri.

Inntökuskilyrði
BS-próf í hjúkrunarfræði eða samsvarandi próf með að lágmarki 6,5 í aðaleinkunn úr BS-prófi, góð enskukunnátta og íslenskt hjúkrunarleyfi.

Markmið
Að veita nemendum tækifæri til að efla sig á sviði forystu og frumkvöðlastarfs í heilbrigðisþjónustu og er tekið mið af þeim sem hyggjast vinna við stjórnun og forystu hópa og verkefna. Í náminu öðlast nemendur þekkingu og færni í hugmyndafræði og kenningum forystu, hlutverki leiðtoga, stjórnun breytinga og nýsköpunar, leiðsagnar og kennslu fullorðinna, nýtingu gagna og upplýsinga og gagnreyndum starfsháttum.

Umsjón með náminu
Helga Bragadóttir (helgabra@hi.is)

Námsnefnd
Helga Bragadóttir prófessor (helgabra@hi.is)
Ásta Thoroddsen prófessor (astat@hi.is)
Hrund Sch. Thorsteinsson aðjúnkt (hrundth@hi.is)

Skyldunámskeið (26 e)

VIÐ242F	Stjórnun nýsköpunar (6 e)	V-2019
HJÚ140F	Fræðileg aðferð (2 e)	H-2019
HJÚ149F	Nýting gagna og upplýsinga í heilbrigðisþjónustu (6 e)	H-2019
HJÚ258F	Forysta í heilbrigðisþjónustu (6 e)	V-2020
HJÚ0AHF	Leiðsögn og kennsla á vettvangi (6 e)	H-2020

Valnámskeið (6 e)

Nemendum er sérstaklega bent á námskeið í Hjúkrunarfræðideild (HJÚ), námskeið innan lýðheilsuvísinda (LÝÐ), nýsköpun og frumkvöðlafræði (VIÐ/Verk), hnattræn tengsl (MAN) og þróunarfræði (ÞRÓ).

Aðgangur að frekara námi

Nemendur geta fengið hluta af diplómanámi sínu metið inn í meistaranám í hjúkrunarfræði.

Miðað er við að lágmarkseinkunn í einstökum námskeiðum í diplómanámi sé 6,0 og að meðaleinkunn úr diplómanámi sé 7,25 til að það sé metið inn í meistaranám.

Nánari upplýsingar

Elín Helgadóttir, verkefnastjóri framhaldsnáms í síma 525 4910, elinh@hi.is.

Birt með fyrirvara um breytingar
September 2018